

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og flutningur málsins fyrir yfirrjetti lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Akærða, Birni Jónssyni, ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflytningu- og svaramanns fyrir yfirrjetti, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum, að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1896:

Rjettvísinn

gegn

Ámunda Filippussyni.

Dómur:

I máli þessu, sem höfðað var í hjerði gegn hinum ákærða, bónda á Bjólu, fyrir gripdeild, var ákærði með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, gengnum 22. júnímán. þ. á., dæmdur samkvæmt 239. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og braud í 3×5 daga og til að greiða allan af málinu löglega leidandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns í hjerði. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Það er viðurkennt af ákærða og styðst við aðrar skýrslur í málinu, að hann hafi nokkru eptir fardaga 1895 ásamt vinnumanni sínum tekið 10—12 steinhellur eða allt að 2 hestburðum af hellu úr hrúgu af upptekinni hellu við Fúladalshlíð í Ægissíðulandi, en annar maður átti þessar hellur og hafði látið taka þær upp og flytja þangað sem þær voru. Fluttu þeir ákærði hellur þessar heim að sauhúsum ákærða; fann eigandinn þar hellurnar og helgaði sjer þær, en svo samdist þá með honum og ákærða, að ákærði fjekk að halda hellunum, en hjálpaði eigandanum í stadinn part úr degi við hellutöku og ljeði honum mann annan part úr degi í mógrafir. Það er vottað af prófdómaranum í prófunum, að ákærði hafi haft leyfi annars bóndans á Ægissíðu til að taka upp hellu þar í landinu, og í málinu er framlagt vottorð frá bóndanum á Ægissíðu um, að ákærði hafi haft leyfi hans til að tína óuppteknar hellur og steina þar í Ægissíðulandi. Ákærði virðist nú að vísu hafa farið lengra en þetta leyfi heimiladi honum, þar sem hjer var um upptekna hellu að ræða, en hann hefur haldið því fram, að hann hafi ímyndað sjer, að hrúgan, sem hann tók hellurnar úr, væri eptir Landeyinga, sem upplýst er að stundum taka hellu í Ægissíðulandi, og væru þeir horfnir frá að hirða hellurnar. Þessum framburði ákærða hefur ekki verið hnekkt í málinu og ber því að taka hann trúanlegan. Ákærði verður því eigi álitinn hafa ætlað að taka ólöglega annars manns eign, er hann tók umrædd hellublöð, sem



ekki er í málinu neitt upplýst um verð á, og ber því að dæma hann sýknan af ákæru sækjandans í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin varnarlaunin í hjeradi, 5 kr. og málsfærslulaunin til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra, úr landssjóði.

Við rekstur málsins athugast, að við rjettarhald 27. nóv. f. á. hafa kvennmenn verið rjettarvottar, sem eigi er lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. og 36. gr. og N. L. 1—7. Svo verður og eigi fallizt á það, að undirdómarinn hjelt ákærða í gæzluvarðhaldi frá 10.—18. febr. þ. á., enda kemur ástæðan, sem færð er fyrir varðhaldinu í úrskurði dómarans, að ákærði hafi eigi viljað svara spurningum dómarans, eigi heim við það, sem í prófsgjörðunum stendur. Málfærslan við yfirdóminn hetur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Ámundi Filippusson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allur af sökinni löglega leiddandi kostnaður, bæði í hjeradi og fyrir landsyfirrjetti, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða í hjeradi, Gríms Skúlasonar hreppstjóra, 5 krónur, og málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og yfirrjettarmálfutningsmanns Gísla Ís-

leifssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1896:

Eiríkur Filippusson  
 gegn  
 Filippusi Filippussyni.

D ó m u r :

Árið 1890, um haustið, flutti móðir málsaðilanna, ekkjan Sigríður Jónsdóttir frá Bjólu, til sonar síns, hins stefnda Filippusar Filippussonar í Gufunesi, til veru þar, og vorið eptir, 6. apríl 1891, undirskrifaði hún og afhenti stefnda skjal nokkurt, þar sem hún, eins og þar segir, veitir honum fullkomið og ótakmarkað umboð til þess að hafa á hendi í sínu nafni og fyrir sína hönd umsjón með og stjórn á eigum þeim, er hún eigi, innheimta afgjöld af fasteignum og gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir, og skal hann jafnframt sjálfur hafa afgjöldin sem borgun fyrir framfæri hennar, er hún áskilur að hann veiti sjer svo sem sómasamlegt sje. Sumarið 1892 fór þó Sigríður frá stefnda og dvaldist annarsstaðar þar til er hún andaðist 15. jan. 1893.

Hinn 20. sept. 1894 höfðaði stefndi mál þetta, sem nú er áfrýjað, gegn áfrýjandanum, bróður sínum, og krafðist þess með skírskotun til ofan-